

Janúar 2024

Skýrsla um
framkvæmd
hluthafastefnu
árið 2023



Inngangur

Gildi-lífeyrissjóður er stór fagfjárfestir á íslenskum markaði og sem slíkur getur hann haft mikil og fjölbreytt áhrif. Sjóðurinn tekur þessa stöðu sína alvarlega og hefur síðustu ár lagt áherslu á að móta hluthafastefnu sína og fylgja henni eftir.

Sjóðurinn hefur lagt mikla vinnu í að fara m.a. yfir stjórnarhætti, starfskjarastefnur og upplýsingagjöf skráðra félaga og móta samskipti sín við stjórnir og stjórnendur skráðra félaga. Einnig hefur Gildi tekið virkan þátt í aðal- og hluthafafundum þeirra félaga sem sjóðurinn á hlut í og beitt sér þar með tillögum, bókunum og ábendingum. Á vef Gildis hefur verið birt yfirlit yfir allar atkvæðagreiðslur sjóðsins á aðal- og hluthafafundum ásamt þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram. [Yfirlitið má nálgast á vef Gildis.](#)

Upplýsingagjöf af þessu tagi verður fram haldið en til viðbótar birtir Gildi nú í fyrsta sinn ítarlega samantekt um framkvæmd hluthafastefnu sinnar á árinu 2023 og hvernig stefnunni var fylgt eftir. Framkvæmdastjóri annast framkvæmd hluthafastefnunnar í samráði við stjórn og starfsmenn sjóðsins.

Sjóðurinn fer yfir stjórnarhætti fyrirtækja sem hann fjárfestir í eins og við á, þ.m.t. tillögur fyrir hluthafafundi og aðra upplýsingagjöf frá félögum, og beitir sér fyrir því að bætt sé úr því sem sjóðurinn telur að betur megi fara. Tekin er afstaða til þess hverju sinni hversu langt er gengið í þeim efnum, m.a. með tilliti til áherslna sjóðsins, fyrri samskipta við forsvarsmenn félaga og samanburðar við önnur félög.

Til skýringar er rétt að taka fram að hluthafastefna Gildis á við um fjárfestingar sjóðsins í skráðum félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í, enda nemi markaðsvirði eða bókfært verðmæti fjárfestingarinnar a.m.k. einum milljarði króna. Verulegur eignarhlutur telst vera 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins, 5% eða hærri eignarhlutur í hverju félagi eða ef sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félagsins.

Fundir með hlutafélögum

Á árinu 2023 óskaði Gildi eftir fundum með viðeigandi félögum í aðdraganda aðalfunda þeirra þar sem markmiðið var að ræða efnistöð komandi aðalfundar og stjórnarhætti viðkomandi félags. Þá var fundað með þeim tilnefningarnefndum sem óskuðu eftir fundum með hluthöfum.

Eins og fyrri ár reyndust þessi fundir ágætur vettvangur fyrir sjóðinn til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þar sem almennar umræður eru alla jafna takmarkaðar á aðalfundum nema þegar um formlega tillögugerð er að ræða. Almenn umræðuefni á fundunum voru stjórnarhættir, starfskjarastefnur, stjórnarkjör, stjórnarlaun, tilnefningarnefndir, arðgreiðslur, stefnur um fjármagnsskipan og kaup eigin hlutabréfa.

Helstu atriði

Stjórnarkjör

Samkvæmt hluthafastefnu Gildis hvetur sjóðurinn vel hæfa einstaklinga til að gefa kost á sér til setu í stjórnnum félaga. Þetta gerir sjóðurinn annað hvort einn og sér, í samstarfi við aðra aðila eða með þátttöku í starfi tilnefningarnefndar, gefist færi á því. Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Gildis mynda valnefnd sjóðsins. Hún kemur saman eftir því sem þörf krefur í aðdraganda aðalfunda félaga eða þegar kosning stjórnarmanna stendur fyrir dyrum.

Tilnefningar í stjórnir byggja á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað. Sérstaklega er hugað að samsetningu hvernar stjórnar fyrir sig.

Nánari upplýsingar um hvernig sjóðurinn ráðstafaði atkvæðum sínum hjá einstaka félögum koma fram á vef sjóðsins.

Starfskjarastefnur

Samkvæmt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti skulu í starfskjarastefnu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Í slíkri stefnu skal jafnframt koma fram hvort, við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt er að greiða stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar við grunnlaun. Sama orðalag kemur fram í 79. gr. a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Starfskjarastefnur hafa lengi verið því marki brenndar að vera nokkuð almennt orðaðar og veita þannig ekki í öllum tilfellum nægilega skýra mynd af því launakerfi sem í reynd er beitt innan einstakra félaga, ekki síst í tilfelli breytilegra launaliða. Í þessum efnum má þó greina jákvæða þróun sem felst einkum í auknum skýrleika, m.a. eftir ábendingar frá sjóðnum.

Áherslur Gildis hafa m.a. snúið að því að mikilvægt er að stjórnir félaga upplýsi nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð, við hvað er miðað við ákvörðun þeirra og hvert hlutfallið er milli fastra og árangurstengdra greiðslna hjá stjórnendum. Þá hefur Gildi lagt áherslu á að ef starfskjör stjórnenda eru að hluta til árangurstengd þá endurspeglar það í lægri föstum starfskjörum. Varðandi árangurstengd launakerfi hefur að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að eðlilegt sé að mælikvarðar komi fram í starfskjarastefnu sem eru viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háværk og takværk komi fram í stefnunni sjálfri og að skýrsla sé gerð um framkvæmd starfskjarastefnu.

Ef félög notast við hlutabréfatengd hvatakerfi sem hluta af starfskjarastefnu sinni hefur sjóðurinn einnig lagt áherslu á að hluthafar taki afstöðu til helstu skilmála kaupréttta eða annarra hlutabréfatengdra réttinda og forsendna um áætlaðan kostnað félagsins vegna þeirra. Þetta þurfi að liggja fyrir áður en slík réttindi eru veitt, s.s. heildarumfang, úthlutunarreglur, nýtingarverð, nýtingartímabil og annað sambærilegt.

Að lokum hefur sjóðurinn lagt áherslu á að félög upplýsi hluthafa sína um framkvæmd starfskjarastefnu í aðdraganda aðalfundar hverju sinni og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund. Þetta má gera með skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu eða öðrum sambærilegum hætti sem rökstyður greiðslur til stjórnenda og ástæður fyrir breytingum á milli ára, með sundurliðun á þeim eftir tegund (s.s. föst laun, árangurstengdar greiðslur o.fl.) og rökstuðningi fyrir greiðslu breytilegra launa eða kaupréttta.

Helstu atvik hvað þetta varðar á árinu 2023:

- Gildi sat hjá við afgreiðslu starfskjarastefnu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og lagði fram bókun vegna hennar þar sem stjórn félagsins var hvött til að endurskoða starfskjarastefnu sína með hliðsjón af áherslum sjóðsins. Þá kom Gildi á framfæri athugasemd við þá framkvæmd stjórnar að veita kauprétti án þess að fyrirbyggjandi hafi verið fullnægjandi heimild í samþykktum félagsins að mati sjóðsins.
- Gildi lagði fram breytingartillögu á starfskjarastefnu Kvikubanka hf. þar sem lagt var til að tilvísun til laga um hámark kaupauka yrði felld á brott. Að mati sjóðsins á ekki að vera sjálfgefið að hámark kaupauka skv. starfskjarastefnu hækki sjálfkrafa ef hámarkið er hækkað í lögum og reglum, enda skulu hluthafar taka afstöðu til tiltekins launakerfis. Við slíkar aðstæður væri því eðlilegt að hluthafafundur tæki afstöðu til starfskjarastefnu að nýju. Þá var lagt til að ef kaupauki væri greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skyldu hluthafar vera upplýstir um skilmála þeirra og forsendur við verðlagningu. Einnig var lagt til að skilmálar af þessu tagi kæmu fram í starfskjarastefnu eftir að slíkt kerfi væri komið á.
- Gildi lagði fram breytingartillögu á starfskjarastefnu Vátryggingafélags Íslands hf. í þá veru að ef kaupaukar væru greiddir í formi hlutabréfatengdra réttinda skyldu hluthafar vera upplýstir um skilmála þeirra og forsendur við verðlagningu. Einnig var lagt til að skilmálar af þessu tagi kæmu fram í starfskjarastefnu eftir að slíkt kerfi væri komið á.
- Gildi lagði fram breytingartillögu á starfskjarastefnu Arion banka hf. í þá veru að ef kaupauki væri greiddur í formi hlutabréfatengdra réttinda skyldu hluthafar vera upplýstir um skilmála slíkra réttinda og forsendur við verðlagningu þeirra. Einnig var lagt til að skilmálar af þessu tagi kæmu fram í starfskjarastefnu eftir að slíkt kerfi væri komið á.

- Gildi greiddi atkvæði gegn starfskjarastefnu og tillögu um hlutabréfatengt hvatakerfi Marels hf. Sjóðurinn taldi að ekki hefðu verið færð fullnægjandi rök fyrir umfangi heildarlauna stjórnenda og að skort hefði á gagnsæi skilmála hlutabréfatengds hvatakerfis.
- Gildi sat hjá við afgreiðslu starfskjarastefnu og tillögu um hlutabréfatengt hvatakerfi Össurar hf. Sjóðurinn taldi að ekki hefðu verið færð fullnægjandi rök fyrir umfangi heildarlauna stjórnenda og að skort hefði á gagnsæi skilmála hlutabréfatengds hvatakerfis.
- Gildi sat hjá og lagði fram bókun við afgreiðslu starfskjarastefnu Eimskipafélags Íslands hf. Í bókuninni kom fram að Gildi legði áherslu á að starfskjarastefnur félaga lýsi því launakerfi sem í reynd er notast við og að upplýsa ætti hluthafa um öll frávik frá þeim. Þá var gerð athugasemd við tiltekna greiðslu til forstjóra í tengslum við kaup hans á hlutabréfum í félaginu án þess að greiðslunnar væri getið í starfskjarastefnu félagsins. Að lokum hvatti sjóðurinn félagið til að upplýsa hluthafa um framkvæmd starfskjarastefnu og frávik frá henni ef svo ber undir í aðdraganda aðalfundar hverju sinni og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund, s.s. með gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu eða öðrum sambærilegum hætti.
- Gildi sat hjá og lagði fram bókun við afgreiðslu á starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn Símans hf. Í bókuninni kom fram að launagreiðslur til æðstu stjórnenda hefðu aukist verulega á milli ára og væru kaupaukar talsvert umfram það sem starfskjarastefna félagsins gerði ráð fyrir. Gildi legði áherslu á að starfskjarastefnur félaga lýsi því launakerfi sem í reynd er notast við og að upplýsa beri hluthafa um öll frávik, sér í lagi veruleg frávik, frá gerðri starfskjarastefnu í skýrslu um framkvæmd hennar. Sjóðurinn gerði verulegar athugasemdir við umfang greiðslunnar og verklag við að koma henni á. Þá voru einnig gerðar athugasemdir við að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu hafi ekki legið fyrir a.m.k. tveimur vikum fyrir fund.
- Gildi greiddi atkvæði á móti starfskjarastefnu Icelandair Group hf. sökum þess að sjóðurinn taldi að umfang kaupréttarkerfis félagsins væri umfram það sem eðlilegt gæti talist.

Tilnefningarnefndir

Gert er ráð fyrir tilnefningarnefndum innan fyrirtækja í leiðbeiningum um stjórnarhætti. Samkvæmt þeim er hlutverk tilnefningarnefndar að tilnefna einstaklinga eða hóp til stjórnarsetu. Nefndinni ber að vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að sá hópur sem tilnefndur er til stjórnarsetu hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi félagsins. Hluthafafundur ætti að skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli vera skipuð. Hluthafastefna Gildis gerir m.a. ráð fyrir þátttöku í starfi tilnefningarnefnda, séu þær til staðar.

Tilnefningarnefndum hefur verið komið á fót hjá flestum félögum sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Flest félögin fara þá leið að nefndarmenn, eða a.m.k. meirihluti þeirra, er kosinn á hluthafafundi. Stjórn skipar síðan þá fulltrúa sem upp á vantar en oftast er það einn af þremur fulltrúum. Sá aðili sem skipaður er af stjórn þarf ekki að vera stjórnarmaður. Í tveimur tilfellum, hjá Eimskipafélagi Íslands hf. og Marel hf., er um að ræða undirnefnd stjórnar þar sem eingöngu stjórnarmenn í félaginu eiga sæti. Icelandic Salmon AS, Síldarvinnslan hf. og Ölgerðin Egill Skalla-grímsson hf. hafa ekki komið á fót tilnefningarnefndum.

Kostir og gallar eru við mismunandi uppbyggingu tilnefningarnefnda og einnig skiptir máli hvaða einstaklingar sitja í nefndunum hverju sinni. Almennt má segja að tilnefningarnefndir mættu eiga í opnara samtali við hluthafa sína og gefa meiri innsýn í vinnu nefndanna. Í nefndum þar sem einn stjórnarmaður eða fulltrúi einstakra hluthafa á sæti hafa verið settar fram áhyggjur af því að áhrif þess aðila geti verið of mikil, eða a.m.k. geti nefnd sem er þannig samsett fengið það yfirbragð. Þá er hætta á hagsmunaárekstrum til staðar þegar framboð í stjórn eru fleiri en sætin sem eru í boði. Að sama skapi má segja að nefnd sem er eingöngu skipuð stjórnarmönnum sé fyrst og fremst falið að meta eigin störf þótt það fyrirkomulag þekkist víða erlendis.

Sjóðurinn er almennt ekki hlynntur því að stjórnarmaður sitji í tilnefningarnefnd á móti tveimur óháðum með þeim rökum sem færð hafa verið hér að framan.

- Á aðalfundi Arion banka hf. voru lagðar til breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar til samræmis við nýjar kröfur í 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildi lagði fram bókun á aðalfundi félagsins þar sem fram kom að sjóðurinn styddi vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög. Hins vegar teldi sjóðurinn rétt að koma á framfæri því sjónarmiði að lagaákvæðið þarfnaðist endurskoðunar.
- Á aðalfundi Íslandsbanka hf. voru lagðar til breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar til samræmis við nýjar kröfur í 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Gildi lagði fram bókun á aðalfundi félagsins þar sem fram kom að sjóðurinn styddi vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög. Hins vegar teldi sjóðurinn rétt að koma á framfæri því sjónarmiði að lagaákvæðið þarfnaðist endurskoðunar. Í bókun sjóðsins var jafnframt hvatt til þess að starfsreglur tilnefningarnefndar og eftir atvikum samþykktir félagsins yrðu endurskoðaðar og að breytingar á þá leið að fulltrúar í tilnefningarnefnd verði kosnir eða staðfestir af hluthafafundi yrðu lagðar fram að ári. Að lokum vakti sjóðurinn athygli á afstöðu sinni um samspil hlutverks tilnefningarnefndar og Bankasýslu ríkisins. Raunar væri það mat sjóðsins að hlutverk Bankasýslu ríkisins við tilnefningu í stjórn Íslandsbanka bryti í bága við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem 7. mgr. 53. gr. þeirra laga gerði eingöngu ráð fyrir því að ákvæðið gildi ekki ef tilnefningar allra stjórnarmanna falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Með hliðsjón af framangreindu sat sjóðurinn hjá við afgreiðslu starfsreglna tilnefningarnefndar.

- Á aðalfundi Festi hf. lagði Gildi fram tillögu til ályktunar um að fundurinn beindi því til tilnefningarnefndar og stjórnar félagsins að endurskoða starfsreglur tilnefningarnefndar fyrir næsta aðalfund á þá leið að allir fulltrúar tilnefningarnefndar verði kosnir á aðalfundi hverju sinni og að stjórnarmenn séu ekki kjörgengir til setu í nefndinni. Stjórnin kæmi með tillögu um fulltrúa í nefndina inn á aðalfund en hluthafar hefðu jafnframt tillögurétt. Ályktunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kaup eigin hlutabréfa

Samkvæmt hluthafastefnu leggur Gildi áherslu á að heimildir sem hluthafafundur veitir stjórn félags, s.s. um kaup eigin hlutabréfa, séu vel rökstuddar með tilliti til tilgangs, afmarkaðar og ekki umfangsmeiri en þörf er á miðað við aðstæður hverju sinni. Gildi leggur áherslu á að formleg endurkaupaáætlun liggja fyrir eða að jafnræði hluthafa sé að öðru leyti tryggt við kaup félaga á eigin hlutabréfum.

Gildi greiddi atkvæði gegn tillögu um heimild Marels hf. til kaupa á eigin hlutabréfum með vísan til þess að um var að ræða opna og óskilgreinda heimild með tilliti til aðferðar við kaup eigin hlutabréfa. Að auki sat sjóðurinn hjá af sömu ástæðu við atkvæðagreiðslu um heimild Icelandic Salmon AS til kaupa á eigin bréfum.

Tilkynning um þátttöku á hluthafafundum

Í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er heimilt á grundvelli nýlegra lagabreytinga að kveða á um það í samþykktum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn. Sá frestur skuli þó eigi vera lengri en ein vika og skal fundarboð innihalda upplýsingar um skráningardag.

Að mati Gildis er almennt ekki ástæða til að hafa frestinn lengri en tvo daga fyrir fundinn. Þær tæknilausnir sem skráð félög hafa nýtt til skráningar og utanumhalds rafrænna hluthafafunda og atkvæðagreiðslna er hægt að nýta innan þess frests og þá hefur jafnvel verið mögulegt að miða við skráningu samdægurs.

Takmörkun af þessu tagi er til þess fallin að hluthafi, sem gætir ekki formskilyrða, missir mögulega af þátttökurétti á hluthafafundi. Að mati sjóðsins ætti að forðast slík formskilyrði eins og frekast er unnt og eingöngu nýta slíkar heimildir sé það óhjákvæmilegt og þá almennt með að hámarki tveggja daga fyrirvara.

Kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á öllu hlutafé Fossa fjárfestinga-banka hf.

Gildi greiddi atkvæði gegn veitingu heimildar til útgáfu nýrra hlutabréfa í Vátryggingafélagi Íslands hf. til þess að nýta sem greiðslu í kaupum á öllu hlutafé Fossa fjárfestingarbanka hf. Taldi sjóðurinn ekki hafa verið færð fullnægjandi rök fyrir verðlagningu á hlutabréfum Fossa fjárfestinga-banka hf. í viðskiptunum.

Niðurlag

Starfskjarastefnur og tilnefningarnefndir voru sem fyrr áberandi við framkvæmd hluthafastefnu á árinu 2023.

Hvað varðar starfskjarastefnur er þörf á áframhaldandi aðhaldi í tengslum við skýrleika og viðeigandi mælikvarða á árangurstengdum greiðslum. Að auki útbúa of fá félög skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu. Slíkar skýrslur geta að einhverju leyti verið almennti starfskjarastefnu til fyllingar og því er mikilvægt að þær séu útbúnar.

Þá hefur Gildi lagt áherslu á að ef um breytileg starfskjör til æðstu stjórnenda er að ræða endurspeglar það annars vegar í lægri föstum starfskjörum og hins vegar í því að sá hluti starfskjara sem er breytilegur miðist við mælanlegan árangur sem stjórnendur geta haft áhrif á. Mikilvægt er að skilgreina hámarks breytilegra starfskjara þannig að hámarkskostnaður hluthafa af slíku hvatakerfi sé ljós frá upphafi. Þá telur sjóðurinn einnig að við þróun slíkra hvatakerfa sé mikilvægt að horfa bæði til skamms og langs tíma.

Tvö félög, Marel hf. og Össur hf., létu af útgáfu kaupréttanna og tóku þess í stað upp kerfi sem fela í sér afhendingu hlutabréfa náist tiltekinn árangur (e. performance shares). Er þetta m.a. gert vegna þrýstings erlendis frá þar sem stofnanafjárfestum og ráðgjöfum þeirra hugnast oft fremur slík kerfi en kaupréttarkerfi. Gildi mun fylgjast vel með þessari þróun með það í huga að meta hvort þessi sjónarmið ættu að eiga við hjá fleiri félögum hérlendis.

Áherslur sjóðsins varðandi tilnefningarnefndir hafa orðið skýrari í framkvæmd síðustu misseri. Almennt telur sjóðurinn að allir nefndarmenn í tilnefningarnefndum skuli vera kosnir á hluthafafundum og að stjórnarmenn skuli ekki eiga sæti í nefndunum nema annað sé rökstutt sérstaklega. Áfram þarf að kalla eftir því að tilnefningarnefndir rökstyðji með fullnægjandi hætti ástæður þess að tiltekin stjórn sé valin og láti ekki nægja að lýsa almennt hæfnisþáttum og endanlegri niðurstöðu. Þá telur sjóðurinn að það yrði til bóta ef samskipti hluthafa við tilnefningarnefndir væru almennt opnari varðandi mat tilnefningarnefnda á störfum stjórnar og þarfagreiningar félaga til framtíðar.

Áherslur ársins 2024

Á árinu 2024 mun Gildi leggja áherslu á eftirfarandi atriði við framkvæmd hluthafastefnu sjóðsins:

- Skýrleiki og viðeigandi mælikvarðar í starfskjarastefnum, þá sérstaklega í sambandi við breytileg starfskjör.
- Hóflæg hlutabréfatengd starfskjör sem gæta að langtímahagsmunum ef rökstudd ástæða er til þess að veita slík réttindi.
- Tímanlegar skýrslur um framkvæmd starfskjarastefnu félaga sem útskýra forsendur að baki því launakerfi sem notast er við og sundurliðun upplýsinga eftir föstum og breytilegum kjörum. Skráðum félögum mun verða skylt að útbúa slíkar skýrslur á grundvelli tilskipunar 2017/828 frá Evrópusambandinu (tilskipun um réttindi hluthafa). Ættu félög að horfa til þeirra þátta sem þar koma fram þegar skýrslurnar eru útbúar.
- Mikilvægt er að hluthafar séu upplýstir um öll frávik frá starfskjarastefnum í skýrslum um framkvæmd starfskjarastefnu. Ekki nægir að stjórn búi yfir þeim upplýsingum.
- Allir nefndarmenn í tilnefningarnefnd séu kosnir á hluthafafundi og stjórnarmaður eigi þar aðeins sæti í undantekningartilfellum sem væri þá rökstutt sérstaklega.
- Félög setji sér viðeigandi stefnur í málefnum sem snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum í tengslum við þá starfsemi sem félögin stunda. Mikilvægt er að stefnurnar séu raunhæfar og að þeim fylgi aðgerðaáætlun um hvernig viðeigandi markmiðum verði náð.

Félög sem hluthafastefna Gildis nær til

	2022		2023	
	Markaðsvirði	% í félagi	Markaðsvirði	% í félagi
Marel hf. Aðalfundur 22. mars	24,2 ma.kr.	6,4%	24,3 ma.kr.	6,7%
Síldarvinnslan hf. Aðalfundur 18. apríl	23,6 ma.kr.	10,6%	20,3 ma.kr.	10,6%
Arion banki hf. Aðalfundur 15. mars	22,1 ma.kr.	9,8%	21,9 ma.kr.	9,9%
Íslandsbanki hf. Aðalfundur 16. mars Hluthafafundur 28. júlí	16,3 ma.kr.	6,8%	17,5 ma.kr.	7,8%
Hagar hf. Aðalfundur 1. júní	16,1 ma.kr.	19,4%	16,4 ma.kr.	18,6%
Reitir fasteignafélag hf. Aðalfundur 8. mars	12,3 ma.kr.	18,0%	11,6 ma.kr.	18,5%
Eimskipafélag Íslands hf. Aðalfundur 9. mars	11,4 ma.kr.	12,6%	10,3 ma.kr.	12,7%
Össur hf. Aðalfundur 10. mars	9,9 ma.kr.	3,4%	8,0 ma.kr.	3,4%
Festi hf. Aðalfundur 22. mars Hluthafafundur 23. ágúst	5,4 ma.kr.	9,5%	6,0 ma.kr.	9,7%
Icelandic Salmon AS Aðalfundur 25. maí	4,9 ma.kr.	7,3%	4,2 ma.kr.	7,3%
Kvika banki hf. Aðalfundur 30. mars	4,5 ma.kr.	4,8%	4,6 ma.kr.	6,1%
Reginn hf. Aðalfundur 7. mars Hluthafafundur 4. júlí	3,9 ma.kr.	7,8%	3,4 ma.kr.	7,9%
Eik fasteignafélag hf. Aðalfundur 30. mars Hluthafafundur 15. september	3,9 ma.kr.	9,7%	3,9 ma.kr.	9,6%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. Aðalfundur 10. mars	3,5 ma.kr.	8,8%	4,3 ma.kr.	9,1%

	2022		2023	
	Markaðsvirði*	% í félagi	Markaðsvirði*	% í félagi
Síminn hf. Aðalfundur 9. mars	3,4 ma.kr.	7,2%	1,5 ma.kr.	5,4%
Vátryggingafélag Íslands hf. Aðalfundur 16. mars Hluthafafundur 14. júní	2,6 ma.kr.	8,9%	2,7 ma.kr.	6,4%
Sýn hf. Aðalfundur 17. mars	2,3 ma.kr.	14,5%	1,9 ma.kr.	16,3%
Icelandair Group hf. Aðalfundur 9. mars	2,2 ma.kr.	3,3%	2,7 ma.kr.	4,8%
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. Aðalfundur 25. maí	0,3 ma.kr.	1,1%	ma.kr. 2,1	4,9%